

Grunnmynd. 1. Hæð 1:100 Mótorhús.



Grunnmynd. 2. Hæð 1:100 Mótorhús.

Sigurður Á. B.

BYGGINGARLÝSING: Mótorhús.

Mótorhúsið er byggt sem kjarni fyrir frystivélar, spenna og raforkustýringu sem gert er ráð fyrir að komi til með að þjóna allri starfsemi Vinnslustöðvarinna, þegar uppbyggingu og breytingum verður að fullu lokið.
Húsið verður byggt sem staðsteypt hús, steypt á staðnum.

SÖKKLAR:
Sökklar eru steinsteyptir á fyllingu, sjá teikn. verkfræðings.

BOTNPLATA:
Botnplata er steypt á þjappaða fyllingu, sjá teikn. verkfræðings.

ÚTVEGGIR:
Útveggirnir eru steisteyptir. 25 cm þykkir veggir, óeinangraðir, að undanskildu stigah.

MILLIVEGGIR:
Milliveggir eru að stæðstum hluta EI. 90 veggir. og EI. 60 veggir

ÞAK:
Þakið er byggt upp sem límtrésþak, með límtrésbitum og ásum. Ofaná límtréð verður klætt með steinullareiningu, 167 mm. á einingarnar verður heillímdur 3 - 4 mm. pappi og ofaná einingarnar verður skrúfað bárustál.
Í þakið verður komið fyrir sjálfvirkum reyklúgum samkvæmt reglugerðum.

KLÆÐNING:
Allar klæðningar í húsinu skulu að minnsta kosti vera í flokki I.

EINANGRUNARGILDI:

Botnplata	0,2 W/m²°C
Útveggir	0,15 W/m²°C
Gluggar & karmar	2,0 W/m²°C
Hurðir	3,0 W/m²°C
Þak	0,24 W/m²°C

Húsið skal að öllu leyti byggt í samræmi við gildandi reglugerðir.

Loftræsa skal öll gluggalaus rými.

Reykskynjurum og öðrum eldvarnarbúnaði í húsið skal komið fyrir í samræmi við reglugerðir.
Neyðarlýsing skal vera við allar útgönguleiðir.
Neyðarlýsing skal vera í húsinu.
Brunaslöngum verður komið fyrir í salnum, í samráði við eldvarnareftirlit.

BRUNAVARNIR

Flokkun og notkun byggingar
Í byggingunni verður mótorhús sem er kjarni fyrir frystivélar, spenna og raforkusýringu fyrir alla starfssemi Vinnslustöðvarinnar. Byggingin er alls u.þ.b. 1164 m² á tveimur hæðum og er hún í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Eftirfarandi brunavarnalýsing fyrir húsið er gerð af Lotu ráðgjöf í febrúar 2016.

Brunahólf
Húsið er allt eitt meginbrunahólf með EI 90 veggjum og EI 60-CS hurðum að nærliggjandi húsum.
Stigahús er eitt brunahólf með EI 60 veggjum og EI 30-CS hurðum.
Rými sem er opið á milli hæða er brunahólfað frá hvorri hæð fyrir sig með EI 60 veggjum og EI 60-CS hurðum.
Á jarðhæð er eitt brunahólf sem inniheldur frystivélar og þrýstitanka.
Á efri hæð er rými fyrir töflu-og stjórnskápa eitt brunahólf, með EI 90 veggjum og EI 60-CS hurðum og EI 60 veggjum að rými fyrir háspennurofa og að spennum.
Hver spennir er í einu brunahólfi með EI 90/EI 60 veggjum og EI 60-CS hurðum.
Rými fyrir loftpressur er eitt brunahólf ásamt lagnagangi með EI 90 veggjum og EI 60-CS hurð.

Burðarvirki
Aðalburðarvirki hússins er steinsteypt og skal ná a.m.k. R60 brunamótstöðu.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks verður a.m.k. R60.
Hæðaskil verða a.m.k. R60

Klæðningar
Útveggir og gólf eru steinsteypt sem uppfylla almennar kröfur til klæðninga í flokki 1.
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T eða B_{ROOF}, (t2).

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 45 m í útgang eða annað brunahólf.
Frá hvorri hæð eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir. Frá efri hæð er önnur flóttaleiðin inn í stigahús og þaðan beint út og hin er um hringstiga niður á fyrstu hæð og þaðan út.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum
Mannvirkjastofnunar. Kerfið verður tengt við núverandi kerfi sem er tengt viðurkenndri vaktstöð.
Útstöð verður í vaktstöð í mótorhúsi.

Reyklosun
Reyklosun verður um þrjár reyklúgur í þaki alls u.þ.b. 6 m² eða u.þ.b. 1 % af gólfflatarmáli. Ein reyklúgan verður staðsett í rýminu sem er opið upp á milli hæða, ein verður staðsett í miðrými á milliloft og sú þriðja verður staðsett inni í töflu-og stjórnskáparými.
Reyklúgur skulu opnast við boð frá brunaviðvörunarkerfi en einnig skal vera hægt að opna þær handvirkt með hnappi staðsettum við stjórnstöð/útstöð brunaviðvörunarkerfis.

Slökkvitæki
Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við innganga en auk þess viðar skv. reglum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Gæta skal sérstaklega að því að velja slökkvitæki af rétti tegund fyrir þá starfssemi sem er í þessum rýmum, t.d. kolsýrutæki í rafmagnsrýmum.
Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í rýmum stærri en 60 m² og a.m.k. minnst 15 lux í tæknirýmum.

Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs að húsinu er um utanhúss tengigang og verður aðkoman að öllum húsunum endurskoðuð jafnóðum og uppbygging fer fram á svæðinu.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, reyklúgum, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu) ásamt öðrum byggingum Vinnslustöðvarinnar. Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Vinnslustöðina.

Breytt 30. - 1. - 2017 Reyndarteikningar.
Breytt 19. - 3. - 2016
Breytt innra skipulagi á Mjölhúsi og Mótorhúsi.
Samþ. sem Hönnunarstjóri.

Fiskvinnsla VSV Vestmannaeyjum.

VERK. NR. 350 | DAGS. 19. - 10. - 2015 | MÁL. 1:100
TEIKN. NR. 06 | BREYTT.

jon-ark@islandia.is
JÓN GUÐMUNDSSON ARKITEKT KT. 310581-3259
VINNUSTOFA SUÐURLANDSBRAUT 16 REYKJAVÍK SÍMI 552 5055